

sonar og Margrjetar Þorláksdóttur eptir arfleðsluskrá 1. júní 1868 ekki verður tekin til greina.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður skal úr gildi numinn þannig, að krafa Þórðar prófasts Jónassens, eða nú dánarbús hans, til $\frac{1}{4}$ hluta af skuldlausum eigum dánarbús Þorsteins Daníelssonar og Margrjetar Þorláksdóttur eptir arfleðsluskrá 1. júní 1868 skal ekki til greina tekin.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 36/1884

Arnfríður Þorkellsdóttir

gegn

Skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu og Bjarna Þórðarsyni á Reykhólum.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 1. sept. f. á., hefur Arnfríður Þorkellsdóttir í Reykjavík áfrýjað til yfirdómsins skiptum á dánarbúi móður sinnar Hildar Þórðardóttur, sem var lokið af skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu 8. sept. 1883, sem og uppboði á 4 hdr. í Reykhólum í Reykhólasveit, er fram fór eptir ráðstöfun skiptaráðandans í tjeðu dánarbúi að Tindum í Geiradalsþingum 15. maí s. á., hvorutveggja að fenginni uppreisn, og hefur hún krafizt, að báðar þessar

gjörðir verði dæmdar ómerkar, og að skiptaráðandinn verði skyldaður til að taka búið til nýrra skiptaaðgjörða, en að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Hinir stefndu, skiptaráðandinn í Barðastrandarsýslu A. L. E. Fischer sýslumaður, og kaupandi áður nefndra jarðarhundraða, Bjarni bóndi Þórðarson á Reykhólum, hafa ekki mætt nje mæta látið eptir yfirdómsstefnunni, þótt hún sje þeim löglega birt, og ber því að dæma mál þetta eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum. Skjöl málsins bera með sjer, að Hildur Þórðardóttir á Grund í Reykhólasveit, ekkja Þorkells sýslumanns Gunnlaugssens, andaðist þar 6. júní 1882; var bú hennar skrifað upp og virt af hlutadeigandi hreppstjóra 27. s. m., og síðan voru lausafjarmunir dánarbúsins, lifandi og dauðir, seldir við opinbert uppboð 5. marz 1883, en af fasteignum búsins voru 4 hndr. í jörðinni Reykhólum seld, sömuleiðis við opinbert uppboð, 15. maí s. á., hvorttveggja eptir ráðstöfun skiptaráðanda; síðan var skiptafundur haldinn í búinu 19. s. m. og skiptum lokið á öðrum skiptafundi, er haldinn var 8. september s. á.; á báðum þessum skiptafundum mættu fyrir hönd erfingjanna menn, sem skiptaráðandi hafði kvatt til þess, án þess að sjeð verði, að þeir hafi haft neitt umboð af hendi þeirra af erfingjunum, sem myndugir voru. Hins vegar verður ekki sjeð af skiptagjörðunum, að skiptaráðandinn samkvæmt 15. gr. skiptalaganna hafi tilkynnt erfingjunum látið, þeim er fjarstaddir voru, þó að þeir sjeu tilgreindir í uppskriftargjörðinni, og honum þannig hafði verið kunnugt um, hverjir þeir voru, og hvar þeir voru; ekki verður heldur sjeð, að

skiptaráðandi samkvæmt 16. gr. sömu laga hafi við lok uppskriptarinnar, eða sem fyrst þar á eptir, leitað tillaga erfingjanna um meðferð búsins, nje kvatt erfingjana á skiptafund á þann hátt, sem segir í 17. grein, þar á móti hefur skiptaráðandinn að erfingjunum fornsþurðum, og jafnvel þó að honum væri kunnugt um, að það væri móti vilja þeirra, selt beztu fasteign búsins, án þess að það væri nauðsynlegt skulda vegna, selt hana á lausafjáruppboði í annari þinghá, og neitað að taka gilt boð manns, sem hafði umboð af hendi nokkurra erfingjanna til að bjóða í jörðina þeirra vegna, og þannig koma í veg fyrir söluna, því að það var ósk þeirra, og skiptaráðanda var það kunnugt, að fá fasteign þessa, 4 hndr. í Reykhólum, lagða sjer út eptir virðingu, sem þeir áttu heimtingu á eptir 46. gr. skiptalaganna. Að þessu afloknu, og þegar nærri heilt ár er liðið frá láti arfleifanda, heldur skiptaráðandi hinn fyrsta skiptafund í búinu án þess þó að sjeð verði, að erfingjunum hafi verið gjört advart um þann fund, þvert á móti er það að ráða af brjefi frá skiptaráðandanum til áfrýjandans, sem lagt er fram hjer fyrir rjettinum, að hann hafi ekki gefið henni neina vitneskju um skiptafundinn fyr en 2 mánuðum eptir að hann var haldinn, og þá eptir fyrirspurn frá henni. Loks er skiptunum lokið 8. sept. 1883 án þess að neinn væri þar við staddur nema maður sá, sem sýslumaður hafði slegið partinn úr Reykhólum á uppboðinu 15. máí s. á. gegn mótmælum tveggja af erfingjunum. Með því að öll meðferð skiptaráðandans á dánarbúi Hildar Þórðardóttur þannig er gagnstæð fyrirælum skiptalaganna, sjerstaklega salan á 4 hndr. úr Reyk-

hólum, þá ber eptir kröfu áfrýjandans að dæma öll skiptin á tjeðu búi og uppboðið 15. maí 1883, að því er snertir umgetna jarðarsölu, ómerkt, og að skylda skiptaráðandann til að taka búið til nýrrar og löglegri meðferðar, þannig, að erfingjunum veitist færi á að njóta rjettinda þeirra, sem þeim eru heimil- uð í skiptalögunum, og ber skiptaráðandanum því að setja búið í það ástand, sem það var í áður en opt nefnd jarðarhundruð voru seld. Með því málinu er áfrýjað með uppreisn, virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð og uppboð 15. maí 1883, að því leyti sem því er áfrýjað, eiga ó- merk að vera, og ber skiptaráðandanum að taka búið til nýrra og löglegri skipta, og setja það í það ástand, sem það var í, áður en upp- boð þetta fór fram. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. aprílmán.

Nr. 45/1884

Þórður sýslumaður Guðmundsson
gegn
Eigendum Stórahrauns, Einari
kaupmanni Jónssyni á Skúmstöð-
um og Þórði hreppstjóra Pálssyni
í Brattsholti.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir merkjadómi